

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 152/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jónasi James Ásmundssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1991 að ósk ákærða. Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu og greiðslu bóta og sakarkostnaðar, en refsing þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Dómkröfur ákærða eru þær, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa, og komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullu til frádráttar dæmdri refsingu. Þá verði ákærði einungis dæmdur til þess að greiða 10.000 krónur af bótakröfu Íslandsbanka hf. Loks er af hálfu ákærða krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiskvæða.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fram í Hæstarétti. Með vísun til þess ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 71. gr., 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk þeirra lagaákvæða, sem vísað er til í héraðsdómi. Að svo búnu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jónasi James Ásmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,

að fjárhæð 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 23. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 31-33/1991: Ákærvaldið gegn X, Jónasi James Ásmundssyni og Y, sem dómtekið var í gær.

Í máli þessu er fjallað um sakarefni samkvæmt tveimur ákærum.

Fyrri ákæra er dagsett 5. október 1990, og með henni er málið höfðað á hendur X [...], Jónasi James Ásmundssyni, Bárugötu 22, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, og Y [...], „fyrir eftirgreind brot á umferðarlögum og almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík aðfaranótt mánu dags 9. júlí 1990, nema annars sé getið:

I.

Ákærðu er öllum gefið að sök:

1. Að hafa brotist inn í vinnuskúr á mótum Klapparstígs og Skúlagötu og stolið lyklum og hamri.

2. Reynt í þjófnaðarskyni að brjótast inn í verslunina Sundanesti, Kleppsvegi 35, en horfið af vettvangi eftir árangurslausar tilraunir.

Telst háttsemin samkvæmt ákærulið I.1 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og í lið I.2 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

3. Tekið í heimildarleysi bifreiðina R-34788 á mótum Klapparstígs og Skúlagötu og farið á bifreiðinni í innbrotstilraunina samkvæmt ákærulið 2 og þaðan um götur borgarinnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1951.

— — —

IV.

Ákærða Jónasi James er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudags 6. nóvember 1989 brotist inn í veitingastaðinn Geirsbúð, Vesturgötu 6-7, í félagi við Kolbein Vopna Sigurðsson, kt. 060672-4079, og stolið sex áfengisflöskum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með síðari ákæru, sem dagsett er 20. desember 1990, er málið höfðað á hendur Jónasi James Ásmundssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, „fyrir þjófnað með því að hafa miðvikudaginn 23. maí 1990 stolið tékka, að fjárhæð kr. 46.803,91, sem var í lokuðu gluggaumslagi frá Íslandsbanka hf., í eigu Theodórs Skúla Þórðarsonar, kt. 080369-3799, í stigagangi fjölbýlishúss vestur í bæ í Reykjavík, en tékk-anum, sem var stílaður á nefndan mann, kom ákærði í verð með því að fá á hann falsað framsal mannsins og fá síðan kunningja sinn til að skipta honum í útibúi nefnds banka að Laugavegi 105, Reykjavík. Tékkinn er gefinn út 11. maí 1990 af Íslandsbanka hf. á reikning nr. 935000.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

Ákæra, dagsett 5. október 1990.

Málsatvik.

I.1.

Ákærði Jónas James kom fyrir dóminn 22. október sl. og viðurkenndi að hafa ásamt meðákærðu brotist inn í vinnuskúr á mótum Klapparstígs og Skúlagötu aðfaranótt 9. júlí sl. og stolið þar lykum og hamri.

— — —

I.2.

Ákærði Jónas James viðurkenndi þessa háttsemi fyrir dóminum 22. október sl., og ákærði Y kom fyrir dóminn 30. nóvember sl. og viðurkenndi einnig að hafa framið þessa háttsemi ásamt meðákærðu og þeir allir hafi orðið frá að hverfa, þar sem ekki hafi tekist að brjótast inn í verslunina. Þessir ákærðu höfðu áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni og staðfestu þá framburð sinn.

Ákærði X kom fyrir dóminn 24. október sl., og kannaðist hann ekkert við þessa meintu háttsemi.

I.3.

Ákærði Jónas James viðurkenndi fyrir dóminum 22. október sl. að hafa framið þessa háttsemi ásamt meðákærðu. Ákærði kvað meðákærða X hafa ekið bifreiðinni áleiðis að Kleppsvegi 35, er innbrotstilraunin var gerð, og meðákærði Y hefði ekið bifreiðinni frá Kleppsvegi og um götur borgarinnar, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Ákærði Y kom fyrir dóminn 30. október sl. og bar efnislega á sama veg

og ákærði Jónas James, en báðir þessir ákærðu staðfestu lögregluskýrslur, þar sem þeir höfðu borið efnislega á sama hátt um þessa meintu háttsemi.

Ákærði X kannaðist ekkert við þessa meintu háttsemi, er hann var yfirheyrður fyrir dóminum 24. október sl.

— — —

IV.

Ákærði kom fyrir dóminn 22. október sl. og viðurkenndi þá að hafa brotist inn í veitingastaðinn Geirsbúð, Vesturgötu 6-7, aðfaranótt 6. nóvember sl. og stolið þaðan sex áfengisflöskum. Ákærði kvað innbrotið hafa verið framið í samvinnu við Kolbein Vopna Sigurðsson, en sá maður hefur borið efnislega á sama veg hjá lögreglu.

Ákæra, dagsett 20. desember 1990.

Málsatvik.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 15. janúar sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessari ákæru. Ákærði kvaðst hafa stolið tékka þeim, er hér um ræðir, í fjölbýlishúsi einhvers staðar í vesturbæ Reykjavíkur. Ákærði kvað ráðstöfun og notkun tékkans rétt lýst í ákærunni, og staðfesti ákærði framburð sinn hjá lögreglu, þar sem ákærði hafði borið efnislega á sama veg, og að hafa stolið tékkanum miðvikudaginn 23. maí sl.

Ákærði kvaðst hafa fengið í sinn hlut af andvirði tékkans 10.000 kr., og féllst ákærði á greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, svo sem greinir í kröfu Íslandsbanka frá 24. júlí sl., en þar er gerð krafa um greiðslu á höfuðstól tékkans ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá móttöku tékkans 23. maí sl. til greiðsludags. Ákærði kvað nafngreindan mann hafa fengið eitthvað af andvirði tékkans, en vissi að öðru leyti ekki um, hvernig ráðstafað var andvirði hans.

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu Y og Jónasar James, sem studdur er öðrum gögnum máls þessa, að allir ákærðu hafi gerst sekir um alla þá háttsemi, er þeim er gefin að sök í ákærunni, dagsettri 5. október sl., og breytir framburður ákærða X engu um þessa niðurstöðu.

Þá telur dómurinn sannað með framburði ákærða Jónasar, að hann hafi framið háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákærunni, dagsettri 20. desember sl.

Brot ákærðu eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunum.

— — —

Ákærði Jónas James hefur tvisvar gengist undir sátt fyrir áfengislaga-brot. Þá hefur ákærði Jónas frá árinu 1978 hlotið 13 refsíðoma fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244., 248., 257. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og alls hlotið fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi, en þess utan nokkra skilorðsdóma í upphafi brotaferils síns frá árinu 1978, svo sem getið var um. Tveir síðustu refsíðomar ákærða Jónasar eru frá 29. júní 1990, fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hgl. og dómur frá 16. júlí 1990, sex mánaða fangelsi fyrir sams konar hegningarlagabrot.

— — —

Ákærðu eru allir síbrotamenn.

Refsing allra ákærðu er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, en refsing ákærða Jónasar auk þess með hliðsjón af 78. gr. s. 1. og honum dæmdur hegningarauki við tvo síðustu dómana, er getið var um að ofan.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til sakaferils allra ákærðu þykir refsing hvers þeirra fyrir sig hæfilega ákvörðuð fangelsi í fimm mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða Jónasar James komi átta daga gæsluvarðhald hans, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu við Síðumúla hóf ákærði Jónas afplánun refsíðoms, strax og gæsluvarðhaldi lauk 15. nóvember 1989 kl. 16.00, en gögn málsins bera ekki með sér, hvenær gæsluvarðhaldinu lauk, en Jónas James var úskurðaður í gæsluvarðhald 8. nóvember 1989 kl. 13.42 og allt til kl. 16.00 15. s. m.

Ákærði Jónas James er dæmdur til að greiða Íslandsbanka 46.803.91 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt lögum 25, 1987, frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði Jónas James greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hrl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun, og ákærði X greiði verjanda sínum, Einari Sigurðssyni hrl., 30.000 kr. í málsvarnarlaun. Sakarkostnað að öðru leyti greiða ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, X, Jónas James Ásmundsson og Y, sæti hver fyrir sig fangelsi í fimm mánuði, en frá refsivist ákærða Jónasar James dragist átta daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði Jónas James greiði Íslandsbanka 46.803.91 kr. auk dráttarvaxta frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði Jónas James greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hrl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Einari Sigurðssyni hrl., 30.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði sakarkostnað að öðru leyti óskipt.